

Hafdís Sigurðórsdóttir

From: Berglind Thordardottir <berglinderna@gmail.com>
Sent: miðvikudagur, 21. október 2020 16:34
To: Skipulags- og umhverfissvið
Subject: Re: Athugasemd við breytingar á deiliskipulagi Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Sæll

Eðli málsins samkvæmt brá okkur í brún þegar þessir pappírar komu inn um bréfalúguna, uppfærðir samkv. upprunalegum teikningum á Dalbraut 6, við stóðum í þeirri trú að það væri búið að fara yfir þetta mál á sínum tíma og klára með þeim hætti að allir gætu við unað.

Við erum búin að mótmæla þessu, fá athugasemdir metnar og samþykktar og því skiljum við ekki hvers vegna verið er að fara í þessa vinnu aftur, hver er að þrýsta á þessar breytingar?

Við ætlum rétt að vona að bæjaryfirvöld hafi einhverjar gildar ástæður fyrir því að ganga á bak orða sinna við íbúa með þessum breytingum og deili þeim með okkur, því viljum við gjarnan fá þessum spurningum úr fyrri pósti svarað.

Hvaða forsendur hafa breyst varðandi Dalbraut 6 er snúa að íbúum Dalbrautar að mati bæjaryfirvalda?

Hvaða rök eru fyrir þessum breytingum og því að falla frá þeim samþykktu breytingum sem gerðar voru til að koma til móts við athugasemdir íbúa?

Má ætla að staðið verði við breytingar á skipulagi vegna Dalbrautar 8?

Eins og gefur að skilja höfum við hagsmuna að gæta, við í þessu hverfi kaupum okkar fasteignir í góðri trú út frá þágildandi skipulagi í gróunu 40 ára gömlu einbýlishúsahverfi og erum allt í einu í þeirri stöðu að vera komin með háar blokkir ofan í okkur með tilheyrandi áhrifum þess á einkalíf, skuggavarp, álag á umferð o.s.frv. sem þegar upp er staðið hefur bein áhrif á okkar daglega líf, endursölu möguleika og verðmat á eignum okkar.

Fáum við frekari upplýsingar um framvindu þessa máls?

Við gerum okkur ekki grein fyrir því hvað felst í orðinu forkynning. Í bréfinu segir að Skipulags- og umhverfisráð leggi til að drög að þessari breytingu verði auglýst og í framhaldinu kynnt á kynningarfundí áður en endanleg afstaða er tekin til skipulagsbreytingarinnar, við og án efa fleiri íbúar Dalbrautar viljum gjarnan fá að vita hvort og þá hvenær þetta yrði tekið fyrir svo okkur gefist ráðrúm til þess að undirbúa okkur fyrir þann fund til að koma okkar athugasendum á framfæri (í annað sinn).

Kveðja,

Berglind Erna Þórðardóttir

Jes Friðrik Jessen

Dalbraut 15

þri., 20. okt. 2020 kl. 15:51 skrifaði Skipulags- og umhverfissvið <skipulag@akranes.is>:

Blessuð Berglind

Þannig að því sé haldið til haga að þá er hér einungis um forkynningu að ræða. Niðurstöður úr þeirri forkynningu verða síðan metnar upp á framhald málsins.

Þér er velkomið að hafa samband við mig til að fá frekari upplýsingar annaðhvort í síma, tölvupósti eða Teams.

Góð kveðja



Sigurður Páll Harðarson

Sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs

S: 433-1000 / 849-4300

Netfang: sigurdur.pall.hardarson@akraneis.is

www.akraneis.is / www.facebook.com/Akraneskaupstadur

Vinsamlegast athugið að þessi tölvupóstur og viðhengi hans eru eingöngu ætluð þeim sem sendingin er stíluð á og gæti innihaldið upplýsingar sem eru trúnaðarmál. Hafið þér fyrir tilviljun, mistök eða án sérstakrar heimildar tekið við tölvupósti þessum og viðhengjum hans ber yður skv. 9. mgr. 47. gr. laga um fjarskipti nr. 81/2003 að gæta fyllsta trúnaðar, hvorki skrá upplýsingar hjá yður né notfæra yður þær á nokkurn hátt og tilkynna okkur samstundis um að þær hafi ranglega borist yður. Vinsamlegast eyðið þeim að því loknu.

From: Berglind Thordardottir <berglinderna@gmail.com>
Sent: mánudagur, 19. október 2020 10:28
To: Skipulags- og umhverfissvið <skipulag@akraneis.is>
Subject: Athugasemd við breytingar á deiiliskipulagi Dalbrautarreits - Dalbraut 6

Til þess er málið varðar

Það eru gríðarleg vonbrigði að okkur hafi borist bréf með tilkynningu á breyttu skipulagi á Dalbraut 6.

Með þessu er ekki annað að heyra en að bæjaryfirvöld ætli að ganga á bak orða sinna og falla frá þeim breytingum sem búið var að gera og samþykkja er snúa að Dalbraut 6 til að koma til móts við athugasemdir íbúa og færa bygginguna aftur til fyrra skipulags.

Þetta er að okkar mati í hæsta máta óeðlileg vinnubrögð og dónaskapur í garð íbúa Dalbrautar.

Í áður samþykkri breytingu segir:

Skipulags- og umhverfisráð samþykkir eftirtaldar breytingar á deiliskipulagstillöggunni:

-Vesturálmur Dalbrautar 6 og 8 verði lækkaðar þannig að þær verði þriggja hæða með efstu hæð inndregna. Með breytingunni minnkar skuggavarp á nálægar lóðir verulega. Byggingarmagn er minnkað um rúmlega 700 m² og íbúðum fækkað um 8 (miðað við um 90 m² meðalstærð).

Tillagan er í samræmi við sambærileg svæði á miðsvæðum og er svo breytt ekki talin fela í sér verulega skerðingu eða inngríp í aðstöðu nágranna og eignaréttindi. Ný þétt og blönduð byggð á svæðinu mun hafa jákvæð áhrif á íbúaþróun, húsnæðismál og atvinnulíf á Akranesi og er það vegið á móti neikvæðum áhrifum á nálæga íbúðarbyggð vestan Dalbrautar

Deilisk. Dalbraut - Þjóðbraut

1405059

Við spyrjum því

Hvaða forsendur hafa breyst varandi Dalbraut 6 er snúa að íbúum Dalbrautar?

Hvaða rök eru fyrir þessum breytingum og því að falla frá þeim breytingum sem gerðar voru til að koma til móts við athugasemdir íbúa?

Má ætla að staðið verði við breytingar á skipulagi vegna Dalbrautar 8?

Við ítrekum fyrri athugasemdir og áréttum að við erum alls ekki mótfallin uppbyggingu á svæðinu en finnst sjálfsögð krafa að sú uppbygging sé ekki á kostnað þeirra íbúa sem fyrir eru. Það er okkar mat að byggingin sé of há sem 4 hæðir og í engu samræmi við þá lágu einbýlishúsabyggð sem fyrir er, þá sé hún sé sannarlega skerðing og inngríp á aðstöðu okkar á Dalbraut 15.

Það er ljóst að við eigendur á Dalbraut 15 erum gríðarlega ósátt við þessa breytingu og vinnubrögð bæjaryfirvalda í bessu máli, sátt var um þær breytingar sem búið var að leggja til og samþykka.

Við bíðum svara við þessu erindi og munum í kjölfarið hafa samband við aðra íbúa Dalbrautar og meta hvernig við munum beita okkur í þessu máli og hver réttarstaða okkar er.

Við gerum ráð fyrir því að þessar breytingar verði í framhaldi kynntar á kynningarfundí þar sem undirritaðir og aðrir íbúar hafa kost að ræða þessi mál.

Virðingarfyllst,

Berglind Erna Þórðardóttir

Jes Friðrik Jessen

Dalbraut 15